

Innvigtun mjólkur og nýting framleiðsluréttar

INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2017 OG 2018


Heildarinnvigtun aðildarféлага SAM árið 2018 var 152,4 milljónir lítra. Innvigtun jókst um 1,3 milljónir lítra milli ára, eða 0,9%. Framleiðsla fyrstu sjö mánuði 2018 var 4,5% hærrí en 2017, en á seinni hluta ársins snérist þróunin við og framleiðsla var að jafnaði 4,5% lægri en árið á undan. Mánaðarleg innvigtun síðustu tveggja ára er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Samanburður á innvigtun eftir mánuðum árin 2018 og 2017, lítrar.

Mánuður	2018	2017	Mismunur	Mismunur %
Janúar	13.235.681	12.445.505	790.176	6,3%
Febrúar	12.366.313	11.712.498	653.815	5,6%
Mars	13.899.533	13.351.630	547.903	4,1%
Apríl	13.750.690	12.484.747	1.265.943	10,1%
Máí	14.478.073	14.349.703	128.370	0,9%
Júní	13.657.614	13.375.239	282.375	2,1%
Júlí	13.217.796	12.887.408	330.388	2,6%
Ágúst	12.438.053	12.584.795	-146.742	-1,2%
September	10.893.869	11.665.409	-771.540	-6,6%
Október	11.651.920	11.821.509	-169.589	-1,4%
Nóvember	11.077.214	11.708.456	-631.242	-5,4%
Desember	11.742.224	12.729.966	-987.742	-7,8%
Samtals	152.408.980	151.116.865	1.292.115	0,9%

VIKULEG INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2016, 2017 OG 2018


Vikuleg innvigtun mjólkursamlaganna sveiflast yfir árið. Mest var innvigtun í lok apríl en minnst í lok október.



Mynd 1: Vikuleg innvigtun mjólkur

MEÐALINNVIGTUN OG FJÖLDI MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

SAM hefur safnað gögnum um fjölda mjólkurinnleggjenda frá árinu 1980. Frá þeim tíma hefur mjólkurinnleggjendum fækkað um 1.932 eða 77%. Síðustu tíu ár hefur framleiðendum að meðaltali fækkað um 15 á ári, en á síðasta ári fækkaði um 19 framleiðendur. Samhliða mikilli aukningu mjólkurframleiðslu í landinu og fækkun framleiðenda, hefur meðalinnvigtun aukist verulega síðustu fimm árin. Meðalinnvigtun á hvern framleiðenda var 269.750 lítrar árið 2018 og hafði aukist um 82.951 lítra frá árinu 2013. Aukiningin nemur 44% á fimm árum.



Mynd 2: Fjöldi mjólkurframleiðenda og meðalinnvigtun árin 1980 – 2018.

NÝTTUR FRAMLEIÐSLURÉTTUR VERÐLAGSÁRIÐ 2018

Samkvæmt uppgjöri sem unnið er af SAM, byggt á upplýsingum frá Búnaðarstofu, var innvigtun verðlagsárið 2018 samtals 152.501.813 lítrar, en greiðslumark verðlagsársins var 145.000.000 lítrar. Innvigtun var því 5,2% umfram greiðslumark.

Öllum sem taka mjólk til vinnslu er skylt að skila skýrslum um magn mjólkur til Búnaðarstofu, sem er hluti af Matvælastofnun. Aðildarfélag SAM upplýsa Búnaðarstofu mánaðarlega um innvigtun og skiptingu innvigtunar milli einstakra framleiðenda. Í töflu 2 er sýnd nýting greiðslumarks hjá hverri afurðastöð verðlagsárið 2018, ásamt uppgöfnum magni mjólkur sem var nýtt til heimavinnslu á verðlagsárinu.

Tafla 2. Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2017.

Skýringar	Framleitt innan greiðslumarks	Framleitt umfram greiðslumark	Framleitt alls
Innvigtun hjá Auðhumla svf	129.347.781	7.153.828	136.501.609
Innvigtun hjá Mjólkursamlag KS	15.577.354	330.017	15.907.371
Heimavinnsla	92.094	0	92.094
Samtals Auðhumla og KS	145.017.229	7.483.845	152.501.074

Heimild: Búnaðarstofa MAST og aðildarfélag SAM.

ÞRÓUN INNVIGTUNAR, GREIÐSLUMARKS OG UMFRAMMJÓLKUR 2007 - 2018

Yfirlit um þróun skráðrar mjólkurframleiðslu, greiðslumarks, umframmjólkur, heimavinnslu og sértækra ráðstafana er birt í töflu 3 hér á eftir. Upplýsingar um skráða mjólkurframleiðslu hvers árs kemur frá skráningum vegna nýtingar á greiðslumarki, en Bændasamtök Íslands önnuðust það verkefni til ársins 2014 þegar Búnaðarstofa Matvælastofnunar tók við verkefninu. Skráð heimavinnsla er það magn mjólkur sem heimavinnsluaðilar hafa gefið upp að þeir hafi nýtt til vinnslu ár hvert. Sértækar ráðstafanir orsakast meðal annars af eldgosí.

Fram til 2011 var greiðslumarki úthlutað á verðlagsár sem skilgreind voru frá 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta árs. Verðlagsár voru færð til almanaksára með breytingu á árunum 2009 til 2010, en þá var eitt verðlagsár skilgreint í 16 mánuði frá 1. september 2009 til loka árs 2010. Línan fyrir það verðlagsár í töflu 3 sýnir því lengra tímabil en aðrar línur.

Tafla 3. Þróun innvigtunar, greiðslumarks og umframmjólkur 2007 - 2018

Ár	Skráð mjólkurframleiðsla	Innan greiðslumarks	Umfram greiðslumark	Skráð heimavinnsla	Sértækar ráðstafanir
2006/2007	123.625.075	116.000.000	8.412.391	0	0
2007/2008	125.805.155	117.000.000	8.805.155	0	0
2008/2009	126.338.940	119.000.000	7.338.940	0	0
2009/2010	161.572.852	155.000.000	6.572.852	45.613	0
2011	124.793.051	116.000.000	8.890.953	51.628	0
2012	125.159.990	114.500.000	10.659.990	37.272	29.730
2013	122.984.859	116.000.000	6.984.859	39.636	32.700
2014	133.573.812	125.000.000	8.573.812	27.470	32.607
2015	146.054.236	140.000.642	6.053.594	36.745	16.942
2016	150.399.221	135.999.999	14.399.222	76.740	0
2017	151.204.701	144.000.001	7.204.700	87.836	0
2018	152.501.074	145.017.229	7.483.845	92.094	0